



Eitt og annað í eftirliti ársreikningaskrár

Eftirlit og áherslur ársreikningaskrár

Stærðarflokkun félaga

- Ákvæði 11. og 33. tölul. 2. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga
- Skiptum félögum í þrjá meginflokka
 - stór félög eða stórar samstæður
 - meðalstór félög eða meðalstórar samstæður
 - lítil félög (örfélög eru hlutmengi í litlum félögum)
- Stærðarflokkun félaga skiptir máli vegna þess að ...
 - ... gerðar eru ríkari kröfur um upplýsingar í skýringum
 - ... gerðar eru ríkari kröfur um upplýsingar í skýrslu stjórnar
 - ... krafa um gerð samstæðureiknings
 - ... getur haft áhrif á endurskoðunarskyldu
- Hvað er félag á dótturfélag?
 - hefur alltaf áhrif á stærðarflokkun félags

Rafræn skil á ársreikningum

- Í dag ber að skila ársreikningum með rafrænum hætti og við innsendingu er staðfest að til staðar sé undirritað eintak af ársreikningnum
- Í kjölfar álits persónuverndar var hætt að birta opinberlega upplýsingablað sem fylgdi með ársreikningi þar sem fram kom dagsetning aðalfundar, nöfn og kennitölur stjórnar og framkvæmdastjóra og nöfn og kennitölur eigenda félaga.
- Ef ekki er til staðar rafræn undirritun ársreikningi þarf að prenta nöfn þeirra sem árita reikninginn af hálfu stjórnar og framkvæmdastjóra og nafn þess endurskoðanda sem áritar ársreikninginn.
- Gæta þarf sérstaklega að því að skráning endurskoðanda á ársreikningi sé í samræmi við þann aðila sem kosinn var til starfars á hluthafafundi.

Upplýsingagjöf við skil á ársreikningum og framtölum

- Við eftirlit fyrirtækjaskrár vegna skráningar á raunverulegum eigendum hefur komið í ljós veruleg vanhöld á því að saman beri skráningu raunverulegra eigenda við hluthafalista sem fylgir með ársreikningum.
- Hluti af stærra vandamáli varðandi góð vinnubrögð við skil á gögnum til skattsins.

Skýrsla stjórnar

- Úr leiðbeiningum reikningsskilaráðs:
 - Upplýsingum í skýrslu stjórnar er m.a. ætlað að styðja og bæta við þær upplýsingar sem finna má í efnahagsreikningi, rekstrarreikningi og skýringum með ársreikningi og ef við á sjóðstreymis- og eiginfjáryfirliti. Þegar metið er hvaða upplýsingar þörf er á að veita í skýrslu stjórnar skal það gert með tilliti til þarfa notenda ársreiknings og með hliðsjón af forspárgildi þessara upplýsinga.
- Úr reglugerð 696/2019:
 - Í skýrslu stjórnar skal upplýsa um aðalstarfsemi og gefa yfirlit yfir þróun, stöðu og árangur í rekstri félagsins ásamt lýsingu á megináhættu- og óvissuþáttum sem það stendur frammi fyrir. Hversu ítarlegar upplýsingar þarf að veita í skýrslu stjórnar ræðst af því hversu margbrotin starfsemi félags er, umfangi rekstrar og stærð viðkomandi félags.
- Nái hugtakið „boiler plate“ yfir eitthvað einstakt atriði í ársreikningum þá er það skýrsla stjórnar. Almennt eitt sniðumát fyrir öll fyrirtæki. Athugið að skýrsla stjórnar á að fjalla um það sem gerðist í rekstri fyrirtækisins og hún á að miðast við þarfir notenda reikningsskilanna.

Endurskoðun ársreikninga

- Við eftirlit með reikningsskilum kemur of oft í ljós að ársreikningur sem á að vera endurskoðaður er aðeins með staðfestingu skoðunarmanns.
- Endurskoðendur hafa of oft tekið að sér að vera skoðunarmenn á ársreikningi þar sem þeir máttu vita að lög gera kröfu um endurskoðun.
- Það að ársreikningur sé ekki endurskoðaður telst vera refsivert brot á lögum um ársreikninga og getur leitt til þess að stjórnendur og endurskoðandi verði gerðir ábyrgir.

Eigið fé í ársreikningum

- Of oft sem í ljós kemur að eigið fé sé ranglega fært í ársreikning. Dæmi, endurskoðandi skrifar undir staðfestingu að við hækkun hlutafjár hafi hlutafé verið greitt inn í félagið en ársreikningur ber það ekki með sér.

Skýringar með ársreikningi

- Skýringar varðandi leigusamninga;
 - annað hvort vantar skýringu um leigusamninga (skv. RR6) eða
 - skýringu um leigusamninga er verulega ábótavant
- Skýringar varðandi dóttur- og hlutdeildarfélög
- Of algengt að engar upplýsingar séu veittar um mikilvæga liði í rekstrarreikningi og efnahagsreikningi
- Heimilt að færa hluta af því sem fjalla skal um í skýrslu stjórnar skv. 66. gr. undir skýringar en þær vantar yfirleitt
- Ákvæði 2. mgr. 5. gr.
 - Ef ákvæði laga þessara nægja ekki til að gefa glögga mynd af afkomu, efnahag og breytingu á handbæru fé skal félagið veita viðbótarupplýsingar svo að reikningurinn gefi glögga mynd.

Takk fyrir

Skoðanir sem fram koma í þessari kynningu er skoðanir kynningaraðila, nema annað sé tekið fram. Álit, tilkynningar og annað efni sem varðar eftirlit ársreikningaskrár er birt á upplýsingavef Skattsins, www.skatturinn.is undir Fyrirtækjaskrá – Ársreikningaskrá.